


LAGNAFRÉTTIR

28


HANDBÓK

LOFTRÆSTI- OG HITAKERFA



Hitatækni ehf

Langhóltsveg 109 104 Reykjavík
Sími: 588-6070 Fax: 588-6071



GENERAL FILTER

Síur fyrir loftræstikerfi




ALERTON
TECHNOLOGIES INC

*Stýringar fyrir hita
og loftræstikerfi
Hússtjórnarkerfi*




REGIN

*Stjórnæki fyrir
loftræsti- og
hitakerfi*



SABIANA

*Loftræstisamstæður
og hitablásarar*



MYSON
HEATING CONTROLS
Ofnlokar

RITSTJÓRN:
KRISTJÁN OTTÓSSON
GUDMUNDUR HALLDÓRSSON
ÁBYRGD: KRISTJÁN OTTÓSSON

Útgefandi:
LAGNAFÉLAG ÍSLANDS

The Icelandic Heating, Ventilating
and Sanitary Association
P.O. BOX 8026
128 Reykjavík
SÍMI: 587 0660
Myndsendir: 587 4162
luft@ishoff.is
www.lafi.is

5. TBL. 14. ÁRGANGUR SEPTEMBER 1999



Bláa lónið - Glæsilegur nýr baðstaður

Stýrikerfi fyrir hita- og loftræstikerfi

Stýrikerfið er einn af grunnþáttunum í hita- og loftræstikerfum. Sérþekking á stjórnbúnaði og reynsla af smíði og uppsetningu stýrikerfa er afar mikilvæg þegar kemur að vinnu við hita- og loftræstikerfi og er í raun forsenda þess að kerfi geti virkað í samræmi við forsendur hönnuða og óskir viðskiptavinarins.

Hitastýring hf. hefur um áratuga skeið sérhæft starfsemi sína á sviði stjórnbúnaðar og stýrikerfa fyrir hita- og loftræstikerfi.

Faglegur metnaður starfsmanna okkar ásamt traustu samstarfi milli hönnuða og verktaka skila sér í betri gæðum.

Við hjá Hitastýringu bjóðum fram þjónustu okkar við smíði, uppsetningu og endurbætur á stýrikerfum og stjórnbúnaði fyrir öll hita- og loftræstikerfi.

HS
HITASTÝRING hf.

Þverholti 15a • 105 Reykjavík • Sími 552 2222 • Fax 562 4966 • Netfang hitastyr@itn.is



LAGNAFÉLAG ÍSLANDS

HANDBÓK Loftræsti- og hitakerfa

Ritstjórn:

Kristján Ottósson
Guðmundur Halldórsson

Ábyrgð:

Kristján Ottósson

Setning og umbrot:

Kristján Ottósson

Forsíðumynd:


Lagnabúnaður

Útgefandi:


IÖNÚ

Eftirtaldir aðilar mæla með að stuðst sé við uppsetningu og efnisval þessarar handbókar, LAGNAFRÉTTIR 28, við gerð handbóka fyrir loftræsti- og hitakerfi.


Byggingarfulltrúinn
í Reykjavík


Magnús Sedal Svavarsson tæknifræðingur,
Byggingarfulltrúi í Reykjavík.


Háskóli Íslands


Dr. Valdimar K. Jónsson vélaverkfræðingur,
forseti verkfræðideildar.


Lagnadeild Rb.


Einar Þorsteinnsson tæknifræðingur,
deildarstjóri Lagnadeildar.

Tækniskóli Íslands


Guðmundur Hjálmarsson byggingatæknifræðingur,
Deildarstjóri byggingardeildar.

Fjarhitun hf.


Gunnar Geirsson tæknifræðingur

Hönnun hf.


Rúnar Sigmarsson verkfræðingur

Lagnatækni hf.


Friðrik S. Kristinsson tæknifræðingur

Verkfræðistofa V.G.K. hf.


Sigurgeir Þófarinnsson tæknifræðingur

Verkfræðistofa V.S.T. hf.


Guðmundur Halldórsson verkfræðingur

Verkfræðistofan Önn ehf.


Gunnar H. Pálsson verkfræðingur


V.S.B. verkfræðistofa ehf.


Sveinn Áki Sverrisson tæknifræðingur


V.S.Ó. Ráðgjöf ehf.


Kjartan Helgason tæknifræðingur

Efnisyfirlit



Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Kristján Ottósson,
vélstjóri/blikksmiðameistari,
framkvæmdastjóri
Lagnafélags Íslands



Ritstjóri:
Guðmundur Halldórsson,
verkfræðingur,
Verkfræðistofu
Sigurðar Thoroddsen hf.

| | Bls: |
|--|------|
| 0. Inngangur | 6 |
| 1. Framkvæmdaðilar, hönnuðir, verktakar, eftirlit, ritstjóri og ábyrgðarmaður handbókar. | 8 |
| 2. Hönnunarforsendur. | 10 |
| 3. Kerfislýsing. | 12 |
| 4. Einlínunmyndir (kerfismyndir og framhlið stjórnskáps). | 14 |
| 5. Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalisti. | 18 |
| 6. Rafstýrimyndir. | 24 |
| 7. Tölvustýring. | 34 |
| 8. Skýrsla verktaka um stillingu tækja og magnstillingu (lofts og vökva), virkniprófun, þéttleikaprófun, brunaprófun og hljóðmælingar. | 48 |
| 9. Yfirlýsing um að lagnakerfið sé fullbúið | 60 |
| 10. Heimildir. | 61 |
| Hús sem fengið hafa viðurkenningu Lagnafélags Íslands | 62 |

Inngangur.

Á aðalfundi Lagnafélags Íslands 3. apríl 1998 var samþykkt að fela Guðmundi Halldórssyni verkfræðingi og Kristjáni Ottóssyni blikksmíðameistara gerð nýrra handbókar um frágang loftræsti- og hitakerfa.

Í febrúar árið 1990 gaf Lagnafélag Íslands út Handbók fyrir lagnakerfi (Lagnafréttir 8). Við þá handbók hafa flestir loftræstihönnuðir og verktakar stuðst við þegar farið hefur verið fram á að handbók fylgdi loftræstikerfinu.

Þeir sem mæltu með að hafist yrði handa um gerð nýrrar handbókar, bentu á máli sínu til stuðnings að margt hefði gerst á loftræstisviðinu á þeim átta árum, frá því handbókin Lagnafréttir 28 kom út.

Hússtjórnarkerfi eru nú sett í margar byggingar - stýring og eftirlit með loftræsti- og hitakerfum er einn þáttur slíkra kerfa.

Mælitæki og tækni við mælingar og stillingar loftræsti- og hitakerfa hefur einnig tekið stórstígum framförum síðasta áratug.

Ný byggingarreglugerð hefur tekið gildi, með auknum kröfum til hönnuða og verktaka um frágang og úttekt á lokafrágangi loftræsti- og hitakerfa. Þar sem loftræsti- og hitakerfi eru sett upp, gerir húseigendi með réttu kröfu um að það vinni rétt og skili því hlutverki sem því er ætlað.

Einnig var á það bent að oft er starfsemi í húsnæðinu allt önnur en ráð var fyrir gert í byrjun og er því brýn nauðsýn fyrir hönnuði kerfisins að hönnunarforsendur m.a. fyrir loftræsti- og hitakerfið, eins og það var hugsað í upphafi og einnig séu tiltækjar upplýsingar, um þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsnæðinu og loftræsti- og hitakerfinu í tengslun við það.

Þá kom fram að of algengt er að tæki sem kerfið er byggt upp af, hafa ekki verið merkt og nákvæmar upplýsingar um virkni þeirra og stillingar ekki legið fyrir, þegar kerfið er tekið í notkun.

Mikilvægt er að tiltækar séu stilliskýrslur fyrir kerfið þegar það er afhent, því að við hreinsun kerfa kemur oft fyrir að stillilokum er breytt með þeirri afleiðningu að **nýhreinsað kerfi er svo gott sem óstillt.**

Segja má að kerfin séu oft á tíðum ekki tilbúin til afhendingar þegar notandi tekur við þeim.

Þetta ásamt fleiri atriðum hefur síðan valdið því að umhirðu og viðhaldi kerfa hefur verið ábótavant, og kerfin því ekki gengt hlutverki sínu.

Við samningu handbókarinnar hefur verið haft að leiðarljósi að hún byggðist á því efni sem til verður við hönnun, smíði og uppsetningu loftræstikerfisins og lyki með yfirlýsingu hönnuðar og iðnaðarmanna um að kerfið væri hreinsað og stillt, samvirkni tækja prófuð og afköst samkvæmt hönnunarforskrift og kerfið fullbúið til notkunnar.

Við samningu handbókarinnar hefur verið haft að leiðarljósi að hún byggðist á því efni sem til verður við hönnun, smíði og uppsetningu loftræstikerfisins og lyki með yfirlýsingu hönnuðar og iðnaðarmanna um að kerfið væri hreinsað, stillt og merkt, samvirkni tækja prófuð og afköst samkvæmt hönnunarforskrift og kerfið fullbúið til notkunnar.

Undirritaðir, sem safnað hafa sýnishornum (**dæmum**) í þessa bók vona að hún nýtist hönnuðum og verktökum sem fyrirmynd við gerð handbókar fyrir loftræsti- og hitakerfi á komandi árum, og vona jafnframt að ekki líði langur tími þar til samsvarandi bók hefur verið samin um hreinlætis- og ofnhitakerfi.

Hafa ber í huga að tilgangur þessarar bókar er að skilgreina „**lágmarkskröfur**“ til **lagnakerfa** einvörðungu með því efni sem verður til við **hönnun og framkvæmd á fullbúnu lagnakerfi**.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður handbókarinnar skal vera lagna- og/eða loftræstihönnuður.

Rétt er að undirstrika að út frá þessari handbók er hægt, óski húseigandi þess, að útbúa rekstrarhandbók (húsbók), þar sem fram getur komið m.a.:

- A. *Leiðbeiningar fyrir húsverði (notendur).*
- B. *Fyrirmæli um eftirlit með loftræsti- og hitakerfunum, með upplýsingum um tíðni og umfang eftirlitsins.*
- C. *Fyrirmæli um viðhald loftræsti- og hitakerfa.*

Reykjavík 28. september 1999.


Guðmundur Halldórsson


Kristján Ottósson

1. Framkvæmdaaðilar

| 1.1. Hönnuðir: | Nafn: | Heimilisfang: | Póstnúmer: |
|--|-----------------------------|-------------------|------------|
| Arkitekt, | -- | -- | -- |
| Lagna og/eða loftræstihönnuður. | Guðmundur Halldórsson | Kríunesi 3 | 210 |
| Hljóðvistar hönnuður, | -- | -- | -- |
| Brunatæknilegur hönnuður | -- | -- | -- |
| Rafstýri hönnuður. | Kjartan Sigurgeirsson | Hlíðargötu 51 | 750 |
| Tölvustýrikerfis hönnuður | Hitatækni | Langholtsvegi 109 | 104 |
| 1. 2. Verktakar: | | | |
| Lagnakerfi. | Sverrir Sigurðsson | Dragaveg 11 | 104 |
| Loftræstikerfi. | Hita- og Loftræstipjónustan | Ystabæ 11 | 110 |
| Rafstýrikerfi. | Kjartan Sigurgeirsson | Hlíðargötu 51 | 750 |
| Tölvustýrikerfi, | Hitatækni | Langholtsvegi 109 | 104 |
| 1.3. Eftirlit: | | | |
| Lagna og/eða loftræstikerfi | Hita- og Loftræstipjónustan | Ystabæ 11 | 110 |
| Stjórnstýrikerfi,. | Hita- og Loftræstipjónustan | Ystabæ 11 | 110 |
| Tölvustýrikerfi. | Hita- og Loftræstipjónustan | Ystabæ 11 | 110 |
| 1. 4. Viðhaldsaðilar: | | | |
| Lagna og/eða loftræstikerfi | Vélstjórar Frystihússins | | |
| Stjórnstýrikerfi | Kjartan Sigurgeirsson | Hlíðargötu 51 | 750 |
| Tölvustýrikerfi. | Kjartan Sigurgeirsson | Hlíðargötu 51 | 750 |
| 1. 5. Handbók: | | | |
| Ritstjóri og ábyrgðarmaður. | Guðmundur Halldórsson | Kríunesi 3 | 210 |
| skal vera lagna og /eða loftræstihönnuður. | | | |

1.5.1. Dæmi um uppáskrift handbókar:

Við samning handbókar þessarar fyrir loftræsti- og hitakerfi í Frystihúsi Kaupfélags Fáskrúðsfjarðar er höfð til hliðsjónar við efnisskipan, "LAGNAFRÉTTIR 28" handbók Lagnafélags Íslands útgefin 28. september 1999

Reykjavík 28. sept. 1999

Guðmundur Halldórsson

Guðmundur Halldórsson, verkfræðingur,
ritstjóri og ábyrgðarmaður handbókar

LAGNAFÉLAG ÍSLANDS

P.O. BOX 8026, 128 Reykjavík, S: 587 0660, FAX: 587 4162

Heimasíða: www.lafi.is Netfang: lafi@isholf.is

Nafn _____ Kennitala _____

Starfsheiti _____ Sími _____

Heimilisfang _____ Sveitarfélag _____ Póstnúmer _____

Óska hér með eftir að gerast félagi í LAGNAFÉLAGI ÍSLANDS

Óska eftir að fá sendar LAGNAFRÉTTIR NR .: Verð kr:

- | | | |
|--------------------------|--|-------|
| <input type="checkbox"/> | 1. Varmaendurvinnsla..... | 1.000 |
| <input type="checkbox"/> | 2. Snjóbræðslulagnir..... | 1.000 |
| <input type="checkbox"/> | 3. Eftirlit og úttekt á loftræsti- og hitakerfum..... | 1.000 |
| <input type="checkbox"/> | 4. Stjórnbúnaður, loftræsti- og hitakerfi..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 5. Brunavarnakerfi..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 6. Leiðbeiningar varðandi uppsetningu á reyk-, hitageisla- og brunalokum í loftræstikerfi..... | 1.000 |
| <input type="checkbox"/> | 7. Lagnir í fiskeldi..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 8. Handbók fyrir lagnakerfi..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 9. Ráðstefna á Akureyri um þróun lagnamál..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 10. Ráðstefna á Isafirði um þróun lagnamála, bætt samskipti lagnamanna og byggingarfulltrúa..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 11. Fráveitur og sorp..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 12. Ráðstefna á Egilsstöðum um þróun orkumála..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 13. Snjóbræðslur og jarðvegshitun..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 14. Ráðstefna á Selfossi um fagþekkingu og þróun orkunýtingar..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 15. Skemmdar lagnir í húsum..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 16. Einangrun og upphengjur..... | 1.000 |
| <input type="checkbox"/> | 17. Votrymi í húsum..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 18. Samræmt byggingareftirlit allra hagur..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 19. Rör í rör lagnakerfi..... | 500 |
| <input type="checkbox"/> | 20. Loftræsting í skólum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 21. Nýjungar í lögnum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 22. Nýjungar í hugbúnaði og vélbúnaði..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 23. Lagnir í skipum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 24. Framtíðarsýn í lagnamálum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 25. Kæliraftar..... | 1.500 |
| <input type="checkbox"/> | 26. Lagnir í gömlum húsum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 27. Loftræsting í íbúðarhúsum..... | 2.000 |
| <input type="checkbox"/> | 28. Handbók loftræsti- og hitakerfa..... | 3.000 |

2. Hönnunarforsendur

Hönnunarforsendur eru grundvöllur fyrir hönnun verka og þær á að vinna strax í upphafi hönnunar. Verkkaupi á að fá vitneskju um við hvað hönnunin miðast strax í byrjun til þess að eiga þess kost að geta gripið inn í hönnunarferlið á byrjunarreit ef hann er ósáttur við grundvöllinn. Að sama skapi er það viss trygging fyrir hönnuðinni að fá samþykki fyrir grundvöllinum áður en hönnun hefst.

Í hönnunarforsendum skulu vera upplýsingar um :
 Starfsemi í húsinu og í einstökum herbergjum.
 Hitaálag frá tækjum eða hitaálag á fermetra.
 Sérstakt útsog og /eða innblástur m.a. vegna mengunar.

Fjöldi starfsmanna í hverju herbergi.
 Ferskloftsmagn á mann og/eða fermetra gólfflatar við ákveðnar forsendur í loftræsti- og hitakerfinu, (s. s. þrýstifall í síum og/eða annað sem virkar á afköst kerfisins).

Útihiti (hámark og lágmark) , sem hönnunin miðast við.
 Hitastig á vinnusvæðinu. Lofthraða á vinnusvæðinu.
 Loftgæði (hreinleiki lofts).
 Loftraki.
 Hljóðstig.

Á skýringarblaði skal vísa á þá staðla sem hönnun kerfisins og efnisval byggist á.

Þetta skýringarblað má vera í A-3 eða A-4 í handbók.
 Við gerð hönnunarforsenda má m.a. styðjast við heimildir [2] og [3].

2.1. Dæmi um uppsetningu á hönnunarforsendum:

| | |
|------------------------------------|-------------------------|
| Starfsemi | fiskvinnsla. |
| Hitaálag frá tækjum, ljósum og fl. | 30 W/m ² . |
| Fjöldi starfsmanna | 75 |
| Ferskloft á mann | 30 m ³ /klst |
| Útihiti lágmark | - 15° C |
| hámark | + 15° C |
| Hitastig á vinnusvæði | 18° C |
| Lofthraði á vinnusvæði minni en | 0,2 m/sek |
| Hreinleiki lofts | Síur G-3 og F-7 |
| Loftraki | Engar kröfur |
| Hávaðamörk í sal | NR 40 |

Hönnun kerfisins miðast við byggingarreglugerð nr.441 / 1998 og staðla sem upp eru taldir í grein 188,7 í byggingarreglugerð.

Við val á lágmarksútihita er miðað við 183. grein í byggingarreglugerð:

183.gr.

Hönnun hitakerfa.

Við hönnun á nauðsynlegu hitunaraflí hitakerfis skal miða við -15°C útiloftshita og minnst 0,8 loftskipti á klukkustund.

Val á hámarks- og lágmarksútihitastigi þarf að skoða með tilliti til staðsetningar mannvirkis og þeirra öryggiskrafna sem gerðar eru til reksturs kerfisins. Í því dæmi sem hér er notað, getur -10°C lágmarkshiti $+10^{\circ}\text{C}$ hámarkshiti fullt eins komið til greina.

2.2. Samþykkt hönnunarforsendna:

Bent skal á að sé eigandi ekki tæknimenntaður er eðlilegt að hönnuður útskýri hönnunarforsendur kerfisins og að eigandi leyti álits annars tæknimanns á sviði loftræstingar um hvort hönnunarforsendur séu eðlilegar miðað við þá starfsemi, sem er í húsinu.


Einnig skal bent á, verði breytingar á húsnæðinu meðan á framkvæmdum stendur, sem hafa áhrif á forsendur fyrir loftræstikerfinu, skulu slíkar breytingar kynnar bréflaga, hönnuði og eigenda hússins og/eða umboðsmanni


2.3. Dæmi:

Undirritaður fulltrúi Kaupfélags Fáskrúðsfjarðar hefur kynnt sér hönnunarforsendur fyrir loftræsti- og hitakerfi í Frystihúsi Kaupfélagsins og sér ekkert athugavert við þær.

Einnig hafa verið yfirfarnar þrjár tillögur af loftræsti- og hitakerfi fyrir húsið, sem hönnuður lagði fram til skoðunar (hér getur komið nánari lýsing á tillögum) og valin sú tillaga, sem lýst er í köflum 3 til 7 hér á eftir.

Fáskrúðsfjörður 28. september 1998


 Guðmundur Halldórsson
 verkfræðingur,
 ráðgjafi verkkaupa.


 Fh. Kaupfélags Fáskrúðsfjarðar
 Eiríkur Ólafsson fulltrúi
 framkvæmdastjóra.

3. Kerfislýsing.

Eins og hönnunarforsendur eru grundvöllur að hönnuninni eru kerfismyndir og kerfislýsingar grundvöllur að stillingu og gerð stýrikerfa fyrir lagnir.

Kerfislýsingar eiga að skilgreina hvernig hönnuður ætlast til þess að stjórnun og upphitun loftræsti- og hitakerfa verði. Það er mikilvægt að merkja allan búnað með táknum, kennitölu tækja, sjá kafla 5 "Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalisti", sem síðan fylgir búnaðinum í hönnun, framkvæmd og rekstri kerfisins. (Sama tæki hefur sömu kennitölu allstaðar).

Í kerfislýsingu skal koma fram a.m.k.:

- Hvaða rými eru loftræst..
- Almenn lýsing lagna-, loftræsti og stjórnkerfis.
- Fjöldi kerfa.
- Virkni kerfa.
- Meðhöndlun innblásturs.
- Meðhöndlun bakrásarlofts
- Staðsetning stjórnstöflu

Tæki sem fram koma í Kerfislýsingu skulu merkt með sama númeri, kennitölu tækisins, hvar sem þeirra er getið í handbókinni eins og í kafla 4 "Einlínmyndir", kafla 5 "Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalisti", kafla 6 "Rafstýrimyndir", kafla 7 "Tölvustýring" og kafla 8 "Skýrsla verktaka".

Séu fleiri en eitt kerfi í húsinu, skal merkja kerfið 1 með 1.xx. kerfi 2 með 2.xx. o.s.frv.

Kerfislýsingar geta einnig komið fremst í kafla 5 "Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalisti", framan við lýsingu hvers kerfis fyrir sig, eftir því sem við á (kerfi 1, 2, 3, o.s. frv.)

Almenn lýsing á lagnakerfum hússins skal þó alltaf vera í þessum kafla

3.1. Dæmi um uppsetningu á kerfislýsingu:

Loftræstikerfið er uppblöndunarkerfi fyrir ferskloft og bakrásarloft, sem keyrt er sem mest á hreinu útilofti. Ferskloftið er dregið inn um Inntaksrist (tæki nr.1.52.) á útvegg og í gegnum Ferskloftslöku (tæki nr.1.01.) en bakrásarloftið er dregið í gegnum Bakrásarloftlöku (tæki nr.1.03.) Hitara (tæki nr.1.15.) sem hitar loftið upp í óskhitastig og síðan er því þrýst áfram inn í vinnslusalinn. Kerfinu er stjórnað úr vaktherbergi vélstjóra.

| | | |
|-----------------------|-----------------------|----------------------|
| Loftræst rými: | Vinnusalur I, stærð: | 930 m ³ |
| | Vinnusalur II, stærð: | 440 m ³ |
| | Alls: | 1.370 m ³ |

| | |
|----------------------|---------|
| Fjöldi kerfa: | Kerfi I |
|----------------------|---------|

| | |
|-----------------------|--|
| Virgni kerfis: | Kerfið er til loftendurnýjunar í vinnslusölum 1 og 2 í Frystihúsinu. Fáskrúðsfjarðar og skal halda 18° C hitastigi í vinnslusal að degi til en 14° C að næturlagi. |
|-----------------------|--|

Meðhöndlun innblásturs:

| | |
|-------------|---------------------|
| Loftinntak: | rist á vegg |
| Blöndun | blöndunarhiti +8° C |
| Sún | G-3 + F-7 |

| | |
|-------------------|--|
| Hitun | frá +8° C í +30° C hámark |
| Varmaendurvinnsla | engin |
| Rakagjöf | engin |
| Blásari | 12.000 m ³ /klst gegn 700 Pa mótþrýstingi (í samstæðu og kerfi) |

| | |
|------------------|-------|
| Hraðastýring | engin |
| Dag/næturkeyrsla | já |
| Helgarkeyrsla | já |
| Hljóðdeyfing | engin |

| | |
|----------------------------------|---|
| Meðhöndlun bakrásarlofts: | Hluti notaður til blöndunar við ferskloft, hluta hent, eða þrýst inn í næstu rými, verkstjóra herbergi, stakkageymslu, kaffistofu og út um opnar hurðir |
|----------------------------------|---|

| | |
|----------------------------------|---------------------------|
| Staðsetning stjórnstöflu: | Í vaktherbergi vélstjóra. |
|----------------------------------|---------------------------|

4. Einlínummyndir (táknrænar kerfismyndir loftræsti- og hitakerfa).

Gera skal einlínummyndir (kerfismyndir) og á þeim sýna allan búnað sem notaður verður til þess að deila hita- eða lofti um byggingar og allan búnað sem notaður verður til þess að koma hitanum eða loftinu tryggilega á leiðarenda með minnstum tilkosnaði. Þær eiga jafnframt að sýna allan búnað sem notaður verður til orkunýtingar, hreinsunar og upphitunar á lofti og fl.

Við gerð kerfismynda skal styðjast við heimild [4] og [5].


Gera skal einlínummyndir af kerfinu með öllum tækjum bæði vélrænum og handvirkum, merktum með sama númeri (kennitölu tækisins) og í kafla 3 “Kerfis lýsing”, kafla 5 “Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalista”, kafla 6 “Rafstýrimyndir”, kafla 7 “Tölvustýring” og kafla 8 “skýrsla verktaka”.

Teikningar flytjist óbreyttar/leiðréttar (reyndar teikningar) frá útboðsgögnum.

Á einlínummynd og/eða grunnmynd kerfa eiga að koma fram upplýsingar um hvar hreinsilúgur eru á kerfinu sjá heimild [6].

Sjá dæmi á bls. 15 og 16

4.1. STJÓRNATAFLA Í VAKTHERBERGI:



Gult ljós

Tækin nr.1. 27.

Grænt ljós


Tæki nr.1.28.

Þrísti rofi

Tæki nr.1.46.

| | | | |
|------|------|------|------|
| 1.43 | 1.44 | 1.45 | 1.46 |
| 1.39 | 1.40 | 1.41 | 1.42 |
| 1.35 | 1.36 | 1.37 | 1.38 |
| 1.31 | 1.32 | 1.33 | 1.34 |
| 1.04 | 1.27 | 1.28 | 1.29 |

STJÓRNATAFLA Í VAKHERBERGI



| | |
|-------------------------------------|----------------------------------|
| KFFB - HRADFRÝSTIHÚS - FÁSKRÚÐSÍRDI | |
| HITA- OG LOFTRÆSTIKERFI | |
| TAKNRÆN KERFISMYND | |
| Númer: EMBARN | Skýling nr. O1 |
| Ástand: ÖN | Dagur: 23.01.09 |
| Stærð: RO | Yfirlit: ÖN |
| Verk nr. 1 | Skýl. nr.: Taknræn kerfismynding |

Ystafabæ 11 110 Reykjavík
Sími: 587 4162 Fax: 587 4162
Faraími: 892 4428 og 852 4428

Samb.:
Kenntala:

Heimasíða

www.lafi.is

Netfang

lafi@isholf.is

5. Lýsing á samvirkni tækja og Tækjalisti.

Þegar kerfismyndir og kerfislýsingar hafa verið gerðar er hægt að vinna lýsingu á samvirkni tækja, þ.e. hvernig tæki, stjórnbúnaður og aðvörunarbúnaður á að vinna saman. Í virknilýsingu á að nota þau tákni sem valin hafa verið fyrir búnað og sem koma fram á kerfismyndum. Ef það kemur í ljós við gerð virknilýsinga að það skortir á að kerfislýsing sé fullnægjandi þarf að laga kerfislýsinguna til réttis vegar.

Virknilýsingar eru gerðar á hönnunarstigi, en áður en handbók er skilað skal inn í lýsinguna sett endanleg gerð hvers tækis og hver umboðsaðili er.

Í lýsingunni komi fram, **kennitala tækis, heiti tækisins, hvar tækið er, hvernig tækin vinni saman og hvaða kröfur eru gerðar til tækisins og endanlegt stilligildi þess, gerð tækisins og umboðsaðili**. Tækin skulu merkt með sama númeri (kennitölu tækisins) hvar sem þeirra er getið í handbókinni eins og í kafla 3 "Kerfislýsing", kafa 4 "Einlínummyndir", kafla 6 "Rafstýrimyndir", kafla 7 "Tölvustýring" og kafla 8 "Skýrsla verktaka".

Segja skal fyrir um stillingu tækja.

5.1. Dæmi um lýsingu á samvirkni tækja og tækjalista:

Loftræstikerfi nr. 1 er fyrir Vinnslusali 1 og 2

NR: TÆKI: HLUTVERK:

Loftræstikerfið er uppblöndunarkerfi fyrir ferskloft og bakrásarloft, en keyrt sem mest á hreinu útilofti. Ferskloftið er dregið inn um Inntaksrist (tæki nr.1.52.) á útvegg og í gegnum Ferskloftloku (tæki nr.1.01.), en bakrásarloftið er dregið í gegnum Bakrásarloftloku (tæki nr.1.03.) af Innblásara (tæki nr.1.09.) þrýst í gegnum Síu (tæki nr.1.13.), Hitara (tæki nr.1.15.) sem hitar loftið upp í óskhitastig og síðan er því þrýst áfram inn í vinnslusalinn.

Kerfinu er stjórnað úr Vaktherbergi vélstjóra.

- | | | | |
|-------|----------------|--|------------------------------|
| 1.01. | Ferskloftsloka | staðsett í samstæðu. Vinnur með Bakrásarloftloku (tæki nr.1.03.) blandar upp fersklofti við bakrásarloft úr vinnusal. Stjórnast af Lokumótor (tæki nr.1.02.). Gerð: LTI | Umboð: Blikkás ehf. |
| 1.02. | Lokumótor | staðsettur á samstæðu. Stjórnar Ferskloftloku (tæki nr.1.01.) og Bakrásarloftloku (tæki nr.1.03.). Stjórnast af Lofthitanema (tæki nr.1.11.) í gegnum Stjórnstöð (tæki nr.1.36.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.) Gerð: Joventa DM 1-1F | Umboð: Hitatækni ehf. |

- 1.03. Bakrásarloftl. staðsett í samstæðu. Vinnur með Ferskloftloku (tæki nr.1.01.) blandar upp bakrásarlofti úr vinnslusal við ferskloft. Stjórnast af Lokumótor (tæki nr.1.02.).
Gerð: LTI Umboð: Blikkás ehf.
- 1.04. Rautt ljós staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Viðvörðun frá frostvörn). Fær boð frá Frostvörn (tæki nr.1.16.) og gefur viðvörðum um að kerfið sé útslegið.
Gerð: KM Umboð: Reykjafell hf.
- 1.05. Þjónustulúga Staðsett í samstæðu, utan við innblásara (tæki nr.1.09.)
Gerð: CCL Umboð: Hagblikk
- 1.06. Þjónustulúga staðsett í samstæðu, utan við innblásara (tæki nr.1.09.)
Gerð: CCL Umboð: Hagblikk
- 1.07. Lofthitamælir staðsettur í samstæðu. Sýnir hitastigið á ferskloftinu (útiloftinu) eins og það er hverju sinni.
Gerð: JAKO Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.08. Lofthitamælir staðsettur í samstæðu. Sýnir hitastigið á bakrásarloftinu eins og það er hverju sinni.
Gerð: JAKO Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.09. Innblásari staðsettur í samstæðu. Afköst 12.000 m³/klst, þvermál reimskífu A-150 mm, mótstaða 700 Pa, snúningur blásara 1.000 s/m. Stjórnast af Rafmótor (tæki nr.1.10.).
Gerð: CNA 630 Umboð: Varmaverk
- 1.10. Rafmótor staðsettur í samstæðu. 7,5 KW, snúningur mótors 1.450 s/m, þvermál reimskífu A-105 mm. Stjórnar Innblásara (tæki nr.1.09.) en stjórnast af Rofa (tæki nr.1.35.) framan á Stjórnstöflu.
Gerð: Víking Umboð: Reykjafell hf.
- 1.11. Lofthitanemi staðsettur í samstæðu. Sendir boð til Stjórnstöðvar (tæki nr.1.36.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.), sem stjórnar Lokumótor (tæki nr.1.02.)
Óskhitastig 8° C.
Gerð: Electro Controls ET-D2 Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.12. Lofthitanemi staðsettur í samstæðu. Sendir boð til Aflesturs (tæki nr.1.33.) staðsett framan á Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). Sýnir hitastigið eins og það er eftir uppblöndun.
Gerð: Electro Controls ET-D2 Umboð: Hitatækni ehf.

- 1.13. Sfur staðsett í samstæðu. Hreinsigráða G-3, grófsía ytri og F-7, fínsía innri. Loftmagn L= 12.000 m³/klst. Byrjunarmótstaða 20Pa. Hönnunar mótstaða 140 Pa. Sjár loftið inn í vinnslusalinn. Skiptist út þegar Súvaki (tæki nr.1.14.) gefur boð í Gult ljós (tæki nr.1.27.) í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.)
Gerð: FARR N/S Model 4 Umboð: Blikksmiðjan ÓJ&K.
- 1.14. Súvaki staðsettur á samstæðu. Vakir yfir og lætur vita þegar mótstaðan yfir Sú er orðin 200 Pa.
Sendir boð í gult ljós (tæki nr.1.27.) í stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Gerð: Electro Controls EDA-22 Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.15. Hitari staðsettur í samstæðu. Hitar loftið upp í kjörhitastig. Stjórnast af mótloroka (tæki nr.118.).
Gerð: TTC Umboð: Blikksmiðjan ÓJ&K.
- 1.16. Frostvörn staðsett í samstæðu. Við frostútleysingu gerist eftirfarandi:
Slekkur á Innblásara (tæki nr.1.09.)
Lokar Fersksloftloku (tæki nr.1.01.)
Fullopnar Bakrásarloftloku (tæki nr.1.03.)
Fullopnar Mótloroka (tæki nr. 1.18.).
Gefur Rautt ljós á (tæki nr.1.04.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.)
Stillist á + 5° C
Gerð: Electro Controls EFP-1 Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.17. Lofthitanemi staðsettur í samstæðu. Sendir boð til Aflesturs í (tæki nr.1.42.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.) gefur upplýsingar um hitastig loftsins eins og það er hverju sinni í framrásinni inn í vinnslusalinn.
Gerð: Electro Controls ET-D2 Umboð: (Hitatækni ehf.
- 1.18. Mótloroki staðsettur í samstæðu. Stjórnar heitavatninu inn á Hitarann (tæki nr.1.15.) en stjórnast af Stofuhitanema (tæki nr.1.25.) í gegnum Stjórnstöð (tæki nr.1.37.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Gerð: Holter M80Y Umboð: (Hitatækni ehf.
- 1.19. Hitanemi staðsettur í framrás miðstöðvarvatnsins í samstæðu. Sendir boð til Aflesturs í (tæki nr.1.31.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.130.), sýnir hitastigið á framrásarvatninu eins og það er hverju sinni.
Gerð: Electro Controls ET-I2+EE-2B Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.20. Hitanemi staðsettur í bakrás miðstöðvarvatnsins í samstæðu. Sendir boð til Aflesturs í (tæki nr.1.32.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.130.), sýnir hitastigið á bakrásarvatninu eins og það er hverju sinni.
Gerð: Electro Controls ET-I2+EE-2B Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.21. Loki staðsettur í samstæðu.. Þjónustu staðsettur loki.
Gerð: Tour & Andersson controls Umboð: Ísleifur Jónsson hf.

- 1.22. Loki staðsettur í samstæðu. þjónustu loki.
Gerð: Tour & Andersson controls Umboð: Ísleifur Jónsson hf.
- 1.23. Loki staðsettur í samstæðu. þjónustu loki.
Gerð: Tour & Andersson controls Umboð: Ísleifur Jónsson hf.
- 1.24. Loki staðsettur í samstæðu.. þjónustu loki.
Gerð: Tour & Andersson controls Umboð: Ísleifur Jónsson hf.
- 1.25. Stofuhitanemi staðsettur í bakrásarloftstokk í vinnslusal. Stjórnar Mótorkoka (tæki nr.1.18.) þannig, sendir boð um hitastigið í vinnslusalnum eins og það er hverju sinni til Stjórnstöðvar (tæki nr.1.37.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.) sem sér um að halda því óskhitastigi sem beðið er um fyrir vinnslusalinn á Hitastillihnapp (tæki nr.1.43) staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Óskhitastig 18° C.
Gerð: Electro Controls ET-R2 Umboð: (Hitatækni ehf.
- 1.26. Lofthitanemi staðsettur í bakrásarloftstokk í vinnslusal. Sendir boð til Aflesturs í (tækis nr.1.34.) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.) um hitastig loftsins eins og það er hverju sinni í vinnslusalnum.
Gerð: Electro Controls ET-R2 Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.27. Gult ljós staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Viðvörðun v/súvaka).
Fær boð frá Súvaka (tæki nr.1.14.) um óhreina síu.
Gerð: KM Umboð: Reykjavell hf.
- 1.28. Grænt ljós staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.), sýnir Innblásara (tæki nr.1.09.) í gangi.
Gerð: KM Umboð: Reykjavell hf.
- 1.29. Rautt ljós (viðvörðun vegna yfirálags) staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.), sýnir yfirálag á Rafmótor (tæki nr.110.)
Gerð: KM Umboð: Reykjavell hf.
- 1.30. Stjórntafla staðsett í Vaktherbergi vélstjóra. Er með eftirfarandi tækjum:
27-28-29-04-31-32-33-34-35-36-37-38-39-40-41-42-43-44-45-46.
Gerð: ELDON Umboð: Kjartan Sigurgeirsson
- 1.31. Aflestur hita staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Vatnshitanemi). Fær boð frá Vatnshitanema (tæki nr.1.19.) gefur upplýsingar um hitastigið á framrás miðstöðvarvatnsins eins og það er hverju sinni.
Gerð: Electro Controls EBS 2 Umboð: Hitatækni ehf.
- 1.32. Aflestur hita staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Vatnshitanemi). Fær boð frá Vatnshitanema (tæki nr.1.20.) gefur upplýsingar um hitastigið á bakrás miðstöðvarvatnsins eins og það er hverju sinni.
Gerð: Electro Controls EBS 2 Umboð: Hitatækni ehf.

- 1.33. Aflestur hita staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Lofthitanemi). Fær boð frá Lofthitanema (tæki nr.1.12.) gefur upplýsingar um hitastigið eins og það er eftir uppblöndun
Gerð: Electro Controls EBS 2 **Umboð:** Hitatækni ehf.
- 1.34. Aflestur hita staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Lofthitanemi). Fær boð frá Lofthitanema (tæki nr.1.26.) gefur upplýsingar um hitastigið í vinnslusalnum eins og það er hverju sinni.
Gerð: Electro Controls EBS 2 **Umboð:** Hitatækni ehf.
- 1.35. Stjórnrofi staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr. 1.30.) í vaktherbergi vélstjóra.
Gerð: KM **Umboð:** Reykjafell hf.
- 1.36. Stjórnstöð staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
 Fær boð frá Lofthitanema (tæki nr.1.11.) og stjórnar Lokumótor (tæki nr.1.02.). Vegna uppblöndunar á Fersklofti og Bakrásarlofti.
Stillist á 8° C.
Gerð: Electro Controls ESP-400 **Umboð:** (Hitatækni ehf.)
- 1.37. Stjórnstöð staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). Fær boð frá Stofuhitanema (tæki nr.1.25.), en stjórnar Mótorloka (tæki nr.1.18.) með Hitastillihnað (tæki nr.1.43.) staðsettum í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Gerð: Electro Controls ESP-400 **Umboð:** (Hitatækni ehf.)
- 1.38. Valrofi staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).Stjórnar aflestri af (tæki nr.1.31.) og af (tæki 1.32.)
Gerð: KM **Umboð:** Reykjafell hf.
- 1.39. Skjár staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Fyrir vatnshita, svið 15/95° C). Til aflestrar af (tæki nr.1.31.) og (tæki 1.32.)
Gerð: ET-DD8T **Umboð:** (Hitatækni ehf.)
- 1.40. Valrofi staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). Stjórnar aflestri af (tæki nr.1.33.), (tæki 1.34.) og (tæki nr.1.42.).
Gerð: KM **Umboð:** Reykjafell hf.
- 1.41. Skjár staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). (Fyrir lofthita, 10/40° C). Til aflestrar af (tæki nr.1.33.), (tæki 1.34.) og (tæki nr.1.42.).
Gerð: ET-DD4T **Umboð:** Hitatækni ehf.
- 1.42. Aflestur hita staðsett í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). Fær boð frá hitanema (tæki nr.1.17.), gefur upplýsingar um hitastig framrásarloftsins eins og það er hverju sinni inn í vinnslusalinn.
Gerð: Electro Controls ET-D2 **Umboð:** Hitatækni ehf.
- 1.43. Stöðuhitast. staðsettur í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.). Ákveður óskhitastig fyrir vinnslusalinn af stjórnstöð (tæki nr.1.37.).
Stillist á óskhitastig 18° C.
Gerð: KM **Umboð:** Reykjafell hf.

- 1.44. Viðnám staðsettur inn í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Stjórnast af klukku (tæki nr.1.45.).
Vinnur þannig:
Tekur stjórnina af Stöðuhitastillir (tæki nr.1.43.) og lækkar hitastigið í vinnslusalnum niður í **14° C** á þeim tíma sem klukka (tæki nr.1.45.) segir til um.
Gerð: Cermet **Umboð:** Heimilistæki.
- 1.45. Klukka staðsett inn í Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Vinnur þannig:
Gefur samband til Viðnáms (tæki nr.1.44.) kl.19.00 að kvöldi til kl.06.00 að morgni, mánudaga til föstudags, en laugardaga og sunnudaga er sambandið á allan sólarhringinn, sem þýðir **14° C** hita í vinnslusalnum, (**næturhiti og helgarhiti**).
Gerð: TR 610 **Umboð:** Reykjafell hf.
- 1.46. Þrýstirofi staðsettur framan á Stjórnstöflu (tæki nr.1.30.).
Vinnur þannig:
Þegar vinna þarf yfirvinnu í vinnslusalnum, er þrýst á Rofann og ljós kviknar á honum. Rofinn hefur þá tekið stjórnina af Klukku (tæki nr.1.45.) og við það helst óskhitastig í vinnusalnum
18° C
Þegar yfirvinnu er lokið í vinnslusalnum hverju sinni, er þrýst aftur á Rofann, ljós slöknar, og verður þá Klukkan (tæki nr.1.45.) virk aftur.
Gerð: KM **Umboð:** Reykjafell hf.
- 1.47. Lofthitamælir staðsettur í samstæðu innan við Innblásara (tæki nr. 1.09.). Sýnir hitastigið eins og það er hverju sinni eftir uppblöndun.
Gerð: JAKO **Umboð:** Hitatækni ehf.
- 1.48. Þjónustulúga staðsett í samstæðu innan við Hitara (tæki nr.1.15.).
